

Þriðjudaginn 5. nóvember 1946.

Kærumálið nr. 16/1946. Helgi Thorlacius, Rakel Sigurðardóttir og Helga Pétursdóttir.

gegn

Önnu Guðmundsdóttur og Ástríði Ingimundardóttur.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ómerking.

Dómur hæstaréttar.

Jónas Thoroddsen, fulltrúi borgarfógetans í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 14. f. m., sem hingað barst 22. s. m., hafa sóknaraðiljar samkvæmt 105. gr. laga nr. 85/1936 skotið til hæstaréttar úrskurði, er kveðinn var upp í skiptarétti Reykjavíkur hinn 9. október þ. á. Með úrskurði þessum var sóknaraðiljum veittur tveggja vikna frestur til vitnaleiðslu, aðiljayfirheyrslu og gagnasöfnunar, en umboðsmaður sóknaraðilja hafði krafizt fjögurra vikna frests í þessu skyni. Gera sóknaraðiljar þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að varnaraðiljum verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Í hinum kærða úrskurði greinir eigi aðilja málsins. Ekki er þar heldur lýst málsatvikum né málsástæðum nema að litlu leyti. Skiptarétturinn hefur því eigi gætt fyrir mæla 2. málsg. 190. gr. og 4. málsg. 193. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þessara megingalla á úrskurðinum þykir verða að ómerkja hann og vísa máli þessu heim í hérað til uppsögu úrskurðar af nýju.

Rétt þykir eftir atvikum, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera ómerkur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 9. október 1946.

Atriði það, sem hér er lagt undir úrskurð réttarins, er um það, hversu langur frestur skuli veittur til vitnaleiðslu, aðiljayfirheyrslu og til þess að ljúka endanlega við gagnasöfnun í málinu.

Eftir atvikum þykir réttinum fresturinn hæfilega ákveðinn 2 vikur, enda verði þá vitnaleiðslum, aðiljayfirheyrslum og gagnasöfnun lokið.

Því úrskurðast:

Tveggja vikna frestur er veittur í máli þessu til vitnaleiðslu, aðiljayfirheyrslu og gagnasöfnunar.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1946.

Kærumálið nr. 17/1946. **Jóhann Hákonarson**

gegn

Hjálmar Þorsteinssyni.

Setudómari próf. Ísleifur Árnason
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Máli frestað sjálfkrafa í hæstarétti.

Úrskurður hæstaréttar.

Með kæru 27. september þ. á., er hingað barst 25. þ. m., kærir sóknaraðili málskostnaðar- og sektarákvæði dóms, er upp var kveðinn á bæjarþingi Reykjavíkur 21. september s. l. í málinu: Hjálmar Þorsteinsson gegn Jóhanni Hákonarsyni og Sigurði Sveinbjörnssyni.

Varnaraðili hefur skotið framangreindu máli til hæstaréttar með stefnu 30. f. m. til þingfestingar í desembermánuði n. k. Þykir því rétt samkvæmt lögjöfnun frá 2. málsgr. 117. gr. laga nr. 85/1936 að fresta kærumálinu ex officio, unz séð er, hvort áður nefnt áfrýjunarmál verður í dóm lagt.

Ályktarorð:

Máli þessu er frestað ex officio samkvæmt framan-skráðu.